

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Rangárþingi eystra.

1. gr.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra er heimilt að setja á sérstakt gjald vegna sorphirðu og eyðingar sbr. samþykkt um meðhöndlun úrgangs sem samþykkt var af sveitarstjórn Rangárþings eystra 10. nóvember 2011. Gjöld samkvæmt gjaldskránni verða innheimt með fasteignagjöldum.

2. gr.

Á íbúðarhús, frístundahús, fyrirtæki, lögaðila og aðra sem hafa með höndum starfsemi sem krefst sorphreinsunar skv. 1. gr. skipar sveitarstjórn í flokk eftir áætluðu magni úrgangs. Gjaldið skal vera eftirfarandi:

	Heimili	Frístundahús	Lögbýli***	Fyrirtæki
Grunngjald kr.*	16.879	12.038	7.239	14.769
Ílátagjald**	20.860			
Samtals kr.	37.739	12.038	7.239	14.769

* Grunngjald tekur til reksturs sorpkerfisins, s.s. reksturs gámastöðvar og förgunar- og endurvinnsluleiða. Greiðsla grunngjalds veitir viðkomandi aðilum aðgengi að sorpkerfinu og afsetningu á heimilisúrgangi.

** Ílátagjald er einungis lagt á heimili og innifelur það gjald leigu og losun á ílátum.

*** Grunngjald er lagt á lögbýli sem hafa umfang umfram heimili þ.e. séu fasteignir umfram íbúð og bílskúr á lögbýli er lagt á það grunngjald.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem byggir á samþykkt um sorphirðu í Rangárþingi eystra, er samin og samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings eystra og samþykkt af heilbrigðisnefnd Suðurlands í samræmi við 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir ásamt síðari breytingum, nr. 7/1998.

4. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi sveitarstjórnar og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 249/2013.

Hvolsvelli, 13. nóvember 2014.

Ísólfrur Gylfi Pálmason sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 6. janúar 2015